

## AUGLÝSING

### um samþykkt breytingar á deiliskipulagi í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi sem hér segir:

*Desjamýri.*

Breytingin felst í eftirfarandi:

Stækkun deiliskipulagssvæðisins til austurs, svæðið var fyrir breytingu 8,7 ha, en verður eftir breytingu 11,7 ha. Lóðum fjölga úr tíu í fjórtán.

Aðkoma að væntanlegu íbúðarhverfi í Lágafelli færast til austurs.

Lóðir meðfram Skarhólabraut stækka um 10 m til suðurs.

Á lóð nr. 9 verður heimilt að byggja geymsluhúsnæði (E) til viðbótar við atvinnuhúsnæði (C) og í skilmála bætist við húsgerð (E). Hámarksstærð byggingar er 570 m<sup>2</sup>, hámarkshæð er 5 m.

Ofangreind breyting á deiliskipulagi hefur hlotið meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Mosfellsbæjar, 31.október 2018,*

**Ólafur Melsted** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 1. nóvember 2018